



TIKTOK




Samfélagsmiðill sem byggist á stuttum myndböndum af öllu mögulegu



Virkur algóritmi stýrir hvaða myndbönd hver og einn notandi fær á sína „Fyrir þig síðu“ (e. For you page)




Áhrifamikil hönnun TikTok var innblástur fyrir önnur samfélagsmiðlafyrirtæki og fylgdu Instagram Reels og YouTube Shorts í kjölfar vinsælda miðilsins



Oft er talað um miðilinn sem mikinn tímaþjóf en hann getur verið ansi ávanabindandi og auðvelt er að gleyma sér í skruni (e. Scrolling)



Hægt er að eiga í samskiptum á TikTok í gegnum einka- og hópsþjall





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

23%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

82%

TikTok er samfélagsmiðill þar sem notendur geta búið til og horft á stutt myndbönd (e. reels) um allt á milli himins og jarðar. Forritið byggir á öflugum algóritma sem sérvælur efni fyrir hvern notanda út frá breytum eins og kyni, aldri, áhugasviði o.s.frv.

3 staðreyndir um TikTok



Algoritminn mótar upplifun notenda hratt

Forritið lærir mjög fljótt hverskonar efni notendinum líkar við eða er líklegri til að staldra við. Þetta þýðir að börn geta á stuttum tíma farið að sjá mjög einsleitt efni, hvort sem það er jákvætt eða neikvætt, án þess að leita það sérstaklega uppi.



Býður upp á samskipti við ókunnuga

Notendur geta skrifað athugasemdir við færslur hvers annars, sent hvor öðrum bein skilaboð, svarað færslum með svokölluðu „duet“ eða „stitch“ og þannig átt samskipti við ókunnuga.



Auðvelt að missa tímaskyn

Ótakmarkað efni og sjálfvirk spilun gerir það að verkum að auðvelt er að missa tímaskyn á meðan forritið er notað. TikTok býður upp á skjátíma- og foreldrastillingar en þær eru ekki sjálfgefnar og þarf að virkja sérstaklega.